

UMHIRÐA

barkaraufartúbu og húðar í heimahúsi

Nauðsynlegt er að þvo og spritta hendur fyrir alla meðhöndlun barkaraufartúpu. Gott er að vera fyrir framan spegil meðan á umhirðu stendur.

ÞVO OG
SPRITTA
HENDUR

1 HREINSUN Á INNRI TÚBU

Hve oft: Tvisvar til þrisvar á dag og oftast ef með þarf. Ef notuð er einnota innri túba, er henni hent og ný sett í staðinn.

Áhöld: Lítil bursti eða eyrnapinnar, grísjur og hreint vatn.

1. Styðja við ytri túbu og losa innri túbu með því að snúa aðeins til hlíðar og draga hana síðan beint út (mynd 1).
2. Skola túbu undir rennandi vatni.
3. Hreinsa slím með bursta eða eyrnapinna. Ef óhreinindi sitja föst er túban látin liggja í mildu sápuvatni en þá þarf að setja auka innri túbu í á meðan. Skola túbu vel og þerra með grísku eða hrista af henni vatnið.
4. Túban sett á sinn stað og fest með því að láta punktana á innri og ytri túbu mætast eða smella innri túbu inn í þá ytri, fer eftir tegund (mynd 2).
5. Tryggja að innri túban sitji föst með því að toga lauslega í hana.



2 HREINSUN HÚÐAR UMHVERFIS TÚPU

Hve oft: Daglega eða oftast ef þörf er á.

Áhöld: Svampur eða motta, grísjur, eyrnapinnar og hreint vatn.

1. Fjarlægja svamp eða mottu. Ekki má losa um böndin sem halda túpunni því ef böndin eru laus, getur túpan hrokkið út við kröftugan hósta.
2. Hreinsa óhreinindi með rakri grísku eða eyrnapinum.
3. Þerra húðina með þurri grísku eða eyrnapinum.
4. Skoða útlit húðar með tilliti til bólgu, roða og vessa. Ef bólga, roði eða vessi er til staðar, þarf að hafa samband við göngudeild skurðlækninga B3 í síma 543 7390.
5. Þegar skipta þarf um bönd þurfa tveir að hjálpast að. Annar heldur túbu á sínum stað á meðan hinn skiptir um bandið.

3 HREINSUN TALVENTILS OG SKIPTI Á RAKANEFI

Hve oft: Daglega.

Áhöld: Hreint vatn, nýtt rakanef og svampur ef tegundin er Spiro.

1. Skola talventil undir vatni og loftþurrka yfir nótt.
2. Ef talventill er af tegundinni Spiro er skipt um svamp.
3. Mælt er með því að nota rakanef yfir nóttina og skipta daglega.